

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Skaftár- og Mýrdalshreppur
Klausturvegi 10
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 26. október 2016
UST201610-041/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 – 2022. Ferðaþjónusta í landi Tungu.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftár- og Mýrdalshrepps er barst 6. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 – 2022. Ferðaþjónusta í landi Tungu.

Skipulagssvæðið


Í lýsingu kemur fram að áætlað er nýtt verslunar- og þjónustusvæði í landi Tungu sem er um 2 km frá Kirkjubæjarklaustri. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir 50 herbergja hóteli á tveimur hæðum, starfsmannahúsum og sögusafni, og að lögð er áhersla á að tengja fiskeldið á staðnum við ferðaþjónustu með sýningarsvæði.


Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun tekur undir þá þætti sem fjalla á um varðandi umhverfisþætti, en bendir á að einnig þarf að skoða sjónræn áhrif áætlaðra framkvæmda. Einnig skal öll fráveita vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að allar framkvæmdir verði áætlaðar þannig að þær falli vel að umhverfinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur